

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 79/2011

2011/EES/54/21

frá 1. júlí 2011

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/87/ESB frá 5. febrúar 2010 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2010/87/ESB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 5ef (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB) í XI. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32010 D 0087:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/87/ESB frá 5. febrúar 2010 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (Stjtíð. ESB L 39, 12.2.2010, bls. 5).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/87/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 4, og EES-viðbætur nr. 68, 17.12.2009, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 39, 12.2.2010, bls. 5.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 52.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.